



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2019

1912004SA VÓHS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta (vistvæn ökutæki o.fl.), 432. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 4. desember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta (vistvæn ökutæki o.fl.), 432. mál. Verði frumvarpið að lögum verða lagðar til nýjar tímabundnar skattaávilnanir vegna vistvænna bifreiða, innflutnings og sölu á slíkum bifreiðum, auk vistvænna bifhjóla, hlaupahjóla og reiðhjóla.

Áherslur sambandsins

Sambandið telur frumvarpið jákvætt skref að því markmiði að greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum og í góðu samræmi við áherslur sambandsins samkvæmt stefnumörkun stjórnar fyrir árin 2018-2022, en þar segir:

Sambandið vinni að því að við stefnumótun í samgöngumálum verði vistvænar samgöngur settar í forgang, að teknu tilliti til ólíkra aðstæðna landshlutanna, með því að styðja sérstaklega við notkun vistvænna orkugjafa, draga úr neikvæðum áhrifum af bílaumferð og auka jafnræði fjölbreyttra samgöngumáta. (3.4.23.).

Þrátt fyrir framangreint fylgja hér á eftir athugasemdir, tillögur og ábendingar sem sambandið telur að taka þurfi til vandlegrar skoðunar.

Ábendingar og athugasemdir sambandsins

Ákvæði XXXII. til bráðabirgða við lög um virðisaukaskatt

Á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023 er heimilt að endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við uppsetningu hleðslustöðvar fyrir bifreiðar í eða við íbúðarhúsnæði. Jafnframt er heimilt á sama tímabili að endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna vegna uppsetningar hleðslustöðvar fyrir bifreiðar í eða við íbúðarhúsnæði. Þá er á sama tímabili heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á hleðslustöð í eða við íbúðarhúsnæði.

Það er álit sambandsins að hér hefði mátt ganga lengra og heimila einnig endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við uppsetningu og kaupa á hleðslustöð fyrir þá aðila sem koma að rekstri almenningsgangna og sveitarfélög sem haga skipulagi skólaaksturs og akstursþjónustu fatlaðra og eldri

borgara, þannig að þeir aðilar myndu einnig njóta sömu skattaávilnunar vegna kaupa og uppsetningar á hleðslustöðvum.

Ákvæði XXXIV. til bráðabirgða við lög um virðisaukaskatt

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði næsta skref vegna umhverfsvænna hóp bifreiða í almenningssakstri og full ívilnun lögð til vegna innflutnings og skattskyldrar sölu slíkra bifreiða þar til samtals 100 slíkar bifreiðar hafa verið skráðar á ökutækjaskrá.

Með vísan til nýrra umferðarlaga telst hóp bifreið vera bifreið sem ætluð er til flutnings fyrir fleiri en átta farþega og notuð í reglubundna farþegaflutninga. Með reglubundnum farþegaflutningum er átt við almenningssamgöngur, þ.e. fastar reglulegar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun.

Ljóst er að undir þetta ákvæði fellur þjónusta Strætó, sem sinnir almenningssamgöngum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þá sinna mörg sveitarfélög bæði ferðapjónustu fyrir fatlað fólk og einnig skipulögðum skólaakstri sem í huga þeirra sem þá þjónustu nýta telst til almenningssamgangna. Fjöldatakmörkunin samkvæmt ákvæðinu er of lág, bæði miðað við núverandi stöðu Strætó, aðrar almenningssamgöngur úti á landi og ferðapjónustu fatlaðra. Fjöldi hóp bifreiða er því töluvert meiri en fjöldatakmörkunin segir til um. Þá er ljóst að þarna er þeim aðilum sem sinna almenningssamgöngum eins og Strætó og sveitarfélögum stillt upp í samkeppni á mótí fólksflutningafyrirtækjum í ferðapjónustu.

Hætt er við að þessi takmörkun geti valdið töfum á orkuskiptum í samgöngum. Sérstaklega er vert að nefna í þessu samhengi tækifæri til aukinnar nýtingar metans í samgöngum. SORPA bs. er stærsti framleiðandi metans á Íslandi. Framleiðsla fyrirtækisins á metani í dag gæti nýst á sem samsvarar á um 3.200 fólksbíla. Af því nýttist einungis sem samsvarar á um 2.100 fólksbíla og því er brennt metani sem gæti nýst á um 1.070 bíla. Af því metani sem nýtt er í dag eru tveir strætisvagnar sem hvor teljast sem ígildi 60 fólksbíla og 12 sorphirðubílar sem 25 fólksbílar hver, samtals 420 bílar. Með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar sem fyrirhugað er að opna á vormánuðum 2020 mun heildarframleiðslugeta SORPU bs. aukast í sem nemur 6.400 fólksbílum. Áætlanir SORPU bs. gera ráð fyrir að framleiðsla á metani gæti farið í sem samsvarar orkupörf 11.200 fólksbíla á komandi árum. Tækifæri til nýtingar metans m.a. á hóp bifreiðar virðast því vera töluverð og samlegð við markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er jafnframt mikil.

Afskaplega lítið fer fyrir rökstuðningnum að baki ákvæðinu um fjöldatakmörkun þar sem einungis kemur fram að um sé að ræða ákveðin fyrir fram öryggismörk með tilliti til tekjuþarfa ríkisins. Sambandið leggur til að kvótinn verði hækkaður eða afnuminn tímabundið og að 2. mgr. ákvæðisins taki ekki eingöngu til hóp bifreiða í almenningssakstri heldur einnig til skólabifreiða og þeirra bifreiða sem nýttar eru fyrir ferðapjónustu fatlaðra og eldri borgara. Lögð er áhersla á það af hálfu sveitarfélaga að kerfið þarf að vera fyrirsjáanlegt þar sem kaup á nýjum almenningssvögnum fer að jafnaði fram með útboði, sem er ferli sem tekur langan tíma.

Lokaorð

Frumvarpið er, eins og áður hefur verið nefnt, jákvætt skref í átt að því stóra verkefni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum með það fyrir augum að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til ársins 2030. Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að hætta notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum og greiða fyrir vistvænum bifreiðum, að stærstum hluta hjá einstaklingum en að talsvert minni hluta gagnvart þeim aðilum sem sinna almenningssamgöngum og sveitarfélögum sem sinna ýmislegri lögbundinni þjónustu, ásamt almenningssamgöngum, eins og skólaakstri og akstursþjónustu fyrir fatlaða.

Betur má ef duga skal í þeim efnum og mikilvægt að þessir aðilar njóti sömu ívilnana og að framan hefur verið rakið ef markmið og aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum eigi að ganga eftir.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

